

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 96/1987, um breytingu á lögum nr. 55
30. mars 1987, tollalögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III orðast svo:

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000 skal lækka í 20% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991 og falla niður 1. janúar 1992.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar sex menn í eiturefnanefnd til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxicolog), annar skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae), þriðji skal vera efnafræðingur, fjórði skal vera efnaverkefnafræðingur, fimmti skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu og sjötti skal vera sérfróður um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Falli atkvæði jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.